

Stöðuskýrsla vegna Covid-19

Skýrsla nr. 1

7. apríl 2020

Frá Jóni Páli Hreinssyni, bæjarstjóra

Til bæjarráðs Bolungarvíkur



BOLUNGARVÍK

Hér fyrir neðan eru helstu aðgerðir sem Bolungarvíkurkaupstaður, stjórnendur og starfsmenn hafa gripið til vegna Covid-19 faraldursins. Um er að ræða margvíslegar aðgerðir, bæði til að undirbúa samfélagið undir fyrirsjáanlega afleiðingar af veirunni jafnt sem beinar aðgerðir til að bregðast við þeirri stöðu sem er uppi hverju sinni.

Staðan í samfélaginu breytist hins vegar hratt og getur breyst mikið innan hvers dags. Aðgerðaáætlun bæjarfélagsins hefur verið breytt svotil daglega til að bregðast við þeirri stöðu sem er uppi hverju sinni og er viðbúið að einhverjar upplýsingar í þessari skýrslu úreldist hratt þegar frá líður.

Ég vill nota tækifærið til að þakka stjórnendum og starfsmönnum Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir óeigingjarnt starf í þágu bæjarbúa. Ekki má gleyma því að við höfum öll hlutverk, líka þeir sem heima sitja vegna sóttkvíar eða veikinda.

Eftirfarandi er staða einstakra stofnanna og verkefna innan sveitarfélagsins:

Samkomubann

Samkomubann er í gildi til 4. maí 2020 en lengd þess verður endurskoðuð ef þurfa þykir. Samkomubann er miðað við 5 manns en það á þó ekki við um fjölskyldur sem búa á sama heimili. Fjöldi viðskiptavina í stærri verslunum, yfir 150 fermetrum, er að hámarki 30 á hverjum tíma. Hvatt er til þess að fólk haldi sig heima, haldi samskiptafjarlægð, takmarki ferðir og fylgi leiðbeiningum yfirvalda. Þeim vinnustöðum eða hópum sem telja sig þurfa undanþágu er bent á að sækja um slíkt hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Rauði krossinn

Rauði Kross Íslands veitir fólki í sóttkví og einangrun aðstoð í síma 1717. Auglýst hefur verið eftir sjálfboðaliðum til aðstoða einstaklinga og fjölskyldur sem eru í sóttkví eða einangrun í Bolungarvík.

Mönnun grunnþjónustu

Bæjarstjóri hefur farið þess á leit við forstöðumenn að þeir taki saman lista yfir starfsmenn sem gætu tekið að sér að sinna grunnþjónustu sveitarfélagsins þar sem hefðbundin störf þeirra liggja tímabundið niðri vegna skertrar starfssemi sveitarfélagsins. Beiðnin er gerð á grundvelli [laga nr. 27/2020 um um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008](#).

Póstþjónusta

Starfsmenn sem hafa sinnt útburði pósts eru í sóttkví og er nú leitað starfsmanna sem geta gengið í störf bréfbera.

Laust húsnæði í bænum

Fulltrúar í bæjarstjórn vinna að því að setja saman lista yfir laust húsnæði í bænum sem hugsanlega mætti nýta sem gistingu fyrir heilbrigðisstarfsmenn og aðstöðu fyrir þá sem þurfa að vera í einangrun.

Hafnarvog

Tveir starfsmenn skiptast á vöktum og einn starfsmaður er heima.

Áhaldahús

Áhaldahús er í rekstri.

Íþróttahúsið

Íþróttahúsinu var lokað 24. mars 2020.

Fiskeldi í Ísafjarðardjúpi

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lýst yfir mikilli ánægju með niðurstöðu Hafrannsóknarstofnunar vegna endurskoðunar áhættumats erfðablöndunar vegna laxeldis í sjókvíum.

Bæjarskrifstofa

- Tvískipt vakt hefur verið á bæjarskrifstofu síðan 19. mars 2020.
- Bæjarráð samþykkti 24. mars 2020 að heimila fjarfundi bæjarráðs, bæjarstjórnar og annarra nefnda samkvæmt breytingum á sveitarstjórnarlögum sem samþykkt voru á Alþingi og samkvæmt ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem gildir til 18. júlí 2020.
- Bæjarstjóri sendir út páskakveðju til starfsmanna fyrir páska. Forstöðumenn sjá um að koma kveðjunni til skila til síns starfsfólks.

Þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð hefur verið opin á hefðbundnum tíma með fjöldatakmörkun og skiptingu milli starfsmanna síðan 19. mars 2020.

Grunnskóli

Það sem helst hamlaði skiptingu í hópa í grunnskólanum var salernisaðstaða skólans. Ákveðið var í lok dags 31. mars 2020 að senda unglingastigið og miðstigið heim og taka upp fjarkennslu fyrir þau. Planið var að halda yfirstjórn skólans og mötuneyti gangandi til að þjónusta yngsta stigið. Unglinga- og miðstig voru heima 1. apríl, þá komin í úrvinnslusóttkví og fjarkennslu. Átta börn mættu miðvikudaginn 1. apríl 2020 en forráðamenn héldu öðrum börnum heima. Stjórar og mötuneyti voru í skólanum 1. apríl. Í lok dags þann 1. apríl var skólanum formlega lokað og allir settir í sóttkví fyrir utan fáeina starfsmenn frá 31. mars til 14. apríl. Kennsla í skólanum féll niður 2. og 3. apríl 2020 en kennt var í fjarkennslu og núna er skólinn kominn í páskafrí. Fyrsti dagur eftir páskafrí verður nýttur í starfsdag. Líklegt er að starfssemi skólans verði skert enn frekar á meðan samkomubann stendur yfir til 4. maí.

Leikskóli

Frá 17. mars 2020 voru hópar aðskildir eins og hægt var og lokað var á allan samgang milli þriggja deilda skólans, skipt upp í útiveru einnig. Salerni voru fyrir nemendur en starfmenn þurftu að samnýta salerni. Fleiri ráðstafanir voru gerðar. Þann 1. apríl voru nýja og gamla húsið aðskilin alveg en það reyndi aldrei á það því leikskólanum var lokað frá og með 2. apríl 2020 nema fyrir börn forráðamanna á forgangslistum. Engir forráðamenn á forgangslistum nýttu sér leikskóladvöl þannig að engin börn hafa verið í skólanum frá og með 2. apríl. Ekkert smit hefur greinst hjá starfsmönnum eða börnum en mörg barnanna eru í sóttkví þar sem þau eru svo ung að ekki er hægt að halda þeim frá öðrum fjölskyldumeðlimum sem eru í sóttkví. Leikskólinn verður væntanlega lokaður nema fyrir börn forráðamanna á forgangslista fram til 4. maí nema annað verði ákveðið. Alls mega 10-15 börn vera í leikskólanum í einu.

Tónlistarskóli

Kennt hefur verið í fjarkennslu síðan 23.-24. mars 2020 og verður meðan samkomubann er í gildi.

Atvinnuáttaksverkefni og vinnumarkaður

- Allra leiða verði leitað til að flýta þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í 5 ára framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins og hægt er að hefja framkvæmdir strax á þessu ári.
 - Helstu framkvæmdir sem hægt er að flýta:
 - Grunnskólinn, þakviðgerð
 - Aðalstræti 20-22, þakviðgerð og málun
 - Sundlaug/íþróttamannvirki, ýmsar lagfæringar
 - Ráðhús, múrviðgerðir og málun
 - Vatnsveitumál, dælur, forðatankur og tengingar
 - Bolungarvíkurhöfn, rafmagn endurnýjað á Lækjarbryggju og flotbryggjum
 - Bolungarvíkurhöfn, Lækjarbryggja viðgerð
 - Gatnaframkvæmdir, endurnýjun lagna, malbikun og gangstéttar
 - Opin svæði, fá fyrirtæki og íbúa til samstarfs við fegrun opinna svæða og nánasta umhverfis í sveitafélaginu

- Hafin verði vinna við að stofna fasteignafélag á vegum Bolungarvíkurkaupstaðar með það að markmiði að nýta fyrirliggjandi fasteignir í eigu sveitarfélagsins til að útbúa allt að 20 nýjar íbúðir í Bolungarvík á næstu 3 til 5 árum, tengt húsnæðisáætlun.
- Hefja vinnu við að stofna þróunarfélag um uppbyggingu þjónustu fyrir ferðamenn á Bolafjalli og í Ósvör.

Markaðsátak í ferðaþjónustu

- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur úthlutað 160 milljónum króna í byggingu útsýnispalls á Bolafjalli.
- Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að sækja um styrk í styrktarsjóð EBI vegna heilsustígs milli Ósvarar og Bolungarvíkur.

Framkvæmdir með aðkomu ríkisins

- Klára framkvæmdir á Brimbrjót, steypa þekju
- Malbikun Syðridalsvegur
- Uppbygging íbúðarhúsnæðis, tengt húsnæðisáætlun

Innheimta fasteignagjalda 2020

Engin breyting verður á innheimtu fasteignagjalda. Hins vegar er hægt að sækja um frest á þremur gjalddögum, 1. apríl, 1. maí og 1. júní og fresta greiðslu um 1, 2, 3 eða 4 mánuði hverjum. Gjalddagar ársins eru alls tíu, frá febrúar til nóvember. Þegar hafa verið sendir út þrjú greiðsluseðlar vegna fasteignagjalda.

Innheimta á mótuneyti, leikskólagjöldum og dægradvöl

- Gjöld vegna mótuneytis í grunnskóla og leikskóla fyrir apríl og maí verða ekki innheimt nema fyrir veitta þjónustu.
- Leikskólagjöld vegna apríl verða endurgreidd í samræmi við opnun skólans á tímabilinu. Gjöld fyrir maí verða ekki innheimt.
- Gjöld fyrir dægradvöl í apríl og maí verða ekki innheimt nema fyrir veitt þjónustu.

Ofangreindar ákvarðanir eru tímabundnar og gilda til loka maí. Endurskoðun fari fram að teknu tilliti til aðstæðna og verði nýtt fyrirkomulag auglýst að nýju eigi síðar en 15. maí 2020.

Líkamsræktar- og sundkort

Gildistími líkamsræktar- og sundkorta framlengist sem nemur lokunartíma íþróttamiðstöðvarinnar frá og með 24. mars 2020.

Heimaþjónusta

Heimaþjónusta liggur niðri nema í gegnum síma.